

Frumvarp til laga

um

stýrimannaskólann í Reykjavík.

(Lagt fyrir alþingi 1911).

1. gr.

Stýrimannaskólann í Reykjavík veitir kenslu í siglingafræði og undirbýr lærisveina skólans undir íslensk stýrimannspróf, hið meira og hið minna.

Við skóla þennan skipar stjórnarráðið forstöðumann með 2000 kr. árs-launum og aukakennara með 1200 króna árslaunum.

Stjórnarráðið hefir á hendi yfirumsjón skólans og gefur út reglugerð fyrir hann.

Laun kennara og annar kostnaður við skólann greiðist úr landssjóði.

2. gr.

Til hins íslenska minna stýrimannsprófs útheimtist:

1. kunnátta í fræðinni um almenn brot, tugabrot, hlutföll talna, notkun logaritma, í grundvallaratriðum flatarmálsfræðinnar, og útreikningi hins réttthyrnda þríhyrnings eftir þríhyrningafræðinni;
2. þekking á jarðarhnettinum, lögun hans og stærð, linum á yfirborði hans, breidd og lengd;
3. þekking á tilhöguninni á áttavitanum og notkun hans, á misvisun, inklinatíon og deviation og hvernig hún verður fundin, á tilhögun og notkun skiphraðamælisins og grunnsökkunnar;
4. skyn á sjávaruppráttum yfir höfuð;
5. þekking á dagbókarhaldi og leiðarreikningi eftir töflum þeim, sem til þess eru gerðar, að kunna að marka stað skips á upprættinum, bæði eftir breidd og lengd, og með því að taka mið á landi; þekking á straumi, og á því, hvað skip hefir borið af leið, og að kunna að ákveða stefnu til og vegalengd til tiltekins staðar;
6. þekking á himinhvolfinu og hinni daglegu hreyfingu á mælistigakerfi himinhvolfsins, á því, að ákveða afstöðu himintungla, á sólinni og hreyfingu hennar sjálfrar;
7. þekking á áttungs- eða sjöttungsmæli, og að kunna að prófa og leiðrétta

stöðu speglanna; að kunna að mæla hæð himintungls og horn milli hluta á jörðunni;

8. þekking á mælingu og skiftingu tímans;
9. þekking á leiðréttingum þeim, sem við eru hafðar við hina mældu hæð sólarinnar;
10. að kunna að finna hvenær sólin rennur upp eða gengur undir;
11. að kunna að finna mjsvísun við athugun sólar;
12. að kunna að finna breiddina, með því að mæla hæð sólarinnar í hádegisbaug;
13. að kunna að finna misvísun við athugun pólstjörnnunnar;
14. að kunna að finna hvenær flóð verður og fjara;
15. þekking á alþjóðlegum siglingareglum og björgunarverkfærum;
16. að kunna að nota hina alþjóðlegu merkjabók og veðurmerki;
17. að þekkja einföldustu hjúkrunarreglur, sérstaklega til að geta bundið um beinbrot og sár og kipt í lið, þegar slys ber að höndum.

3. gr.

Til hins meira íslenzka stýrimannsprófs útheimtist allt það, sem útheimtist til hins minna prófs, og enn fremur:

1. þekking á veldi og rót, á logarítmum, á reikningi með játandi og neitandi stærðum, á þríhyrningum, er falla saman eða eru eins lagaðir, á mælikvörðum lína og horna, á því, hvernig teikna skal hinar almennustu myndir flatarmálsfræðinnar, á mælingu flata og líkama og á stærðum þríhyrningafræðinnar;
2. þekking á himintunglum yfir höfuð;
3. að kunna að finna breiddina við athugun sólarinnar fyrir utan hádegisbaug og athugun fastastjörnu í og fyrir utan hádegisbaug;
4. að kunna að fara með sjóur og nota það, að ákveða stöðu þess eftir hæð sólar og fastastjörnu, eftir tímamerki eða eftir öðru úri, er staða þess er kunn, og að ákveða hinn daglega gang sjóursins;
5. að kunna að ákveða stað skips með staðarlinum, bygðum á athugun sólar og fastastjörnu;
6. að kunna að finna lengdina með sjóurinu og hæð sólarinnar og fastastjörnu;
7. að geta samið grein á íslenzku með glöggu orðfæri um tiltekið efni, er snertir sjóferðir, og ritað hana með skýrri rithönd og sæmilegri réttitun;
8. að hafa lesið kafla í danskri bók, eigi minni en 200 bls., og geta útlagt hann munnlega á íslenzku, að geta gert léttan danskan stíl og geta talað um hversdagsefni á dönsku svo skiljanlegt sé;
9. að hafa lesið kafla í enskri bók, eigi minni en 100 bls. og geta útlagt hann munnlega á íslenzku;
10. að þekkja hin helztu lagaákvæði, er snerta rétt og skyldur skipstjóra.

4. gr.

Prófin eru bæði munnleg og skrifleg. Þau skulu haldin opinberlega af prófnefnd, og skal fyrir þeim standa sá af nefndarmönnum, sem stjórnarráðið skipar sem oddvita; eru í henni forstöðumaður skólans og tveir aðrir menn, er stjórnarráðið setur til þess í hvert skifti. Kennarinn í hverri grein heldur hið munnlega próf, en hinir skipuðu prófdómendur tiltaka verkefni. Verk-

efnin til skriflega prófsins i stærðfræði og siglingafræði við hið meira stýrimannspróf, skal þó stýrimannakensluforstjórinn í Kaupmannahöfn búa til og senda stjórnarráðinu i umslagi, sem innsigli er sett fyrir.

5. gr.

Stjórnarráð Íslands setur ákvarðanir þær, sem með þarf viðvikjandi tilhögun á prófi.

Þeim, sem prófið hefir tekið, skal veitt skírteini um það, og skal þar telja þær kenslugreinar, sem hann hefir verið reyndur i, og tilgreina i tölum einkunn þá, sem gefin er, og jafnframt bæði hina lægstu tölu, er útheimtist til að standast prófið, og hina hæstu tölu, sem unt er að ná við það, og skulu allir nefndarmennirnir undirskrifa skírteinið.

Nöfn þeirra, sem undir próf ganga, skal rita i bók, sem til þess er löguð, og sem stjórnarráðið geymir; skal i henni skýrt frá fullu nafni hvers eins, fæðingarstað, fæðingardegi og fæðingarári, svo og frá einkunn þeirri, sem gefin var við prófið.

6. gr.

Rétt til þess að ganga undir hin íslensku stýrimannspróf eftir reglum þeim, sem settar eru að framan, eiga ekki að eins lærisveinar stýrimannaskólans, heldur og hver sá, sem 3 mánuðum áður en prófið er haldið sendir til stjórnarráðsins beiðni um að mega ganga undir próf, og skal fylgja henni vottorð um kunnáttu hans frá þeim manni eða þeim mönnum, sem hafa kent honum siglingafræði. Enginn getur gengið undir prófin nema hann hafi verið háseti á þilskipi 12 mánuði að minsta kosti eftir að hann varð fullra 15 ára að aldri; svo verður hann og að sanna, að sjón hans sé svo fullkomin, sem nauðsynlegt er fyrir stýrimenn.

7. gr.

Lög nr. 19, 22. maí 1890, um stofnun stýrimannaskóla á Íslandi, svo og lög nr. 58, 10. nóvember 1905, um breytingu á 6. gr. i nefndum lögum, eru úr gildi feld.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Forstöðumaður stýrimannaskólans hefir lagt til að gerðar væru nokkrar breytingar á lögum um stofnun stýrimannaskóla á Íslandi 22. maí 1890. Þessar breytingar ganga i þá átt að veita nemendum skólans frekari kunnáttu en nú, sem líkasta þeirri, sem heimtuð er við stýrimannspróf á Norðurlöndum, og með því að þetta verður að telja mjög æskilegt, hefir þótt rétt að taka þær til greina. Vegna breytts stjórnarfars i landinu er auk þess ástæða til nokkurra orðabreytinga, og hefir því þótt haganlegra að leggja fyrir alþingi nýtt lagafrumvarp um stýrimannaskólann.

Um breytingarnar skal aðeins tekið fram:

1. Í 1. gr. frumvarpsins eru tekin upp ákvæði um laun forstöðumanns og aukakennara samkvæmt nügildandi fjárlögum.

2. Í 2. gr. eru tekin upp ákvæði um, að til hins minna stýrimanns-prófs útheimtist þekking á hinum alþjóðlegu björgunarverkfærum, að nemandinn kunni að nota hina alþjóðlegu merkjabók og veðurmerki og að hann læri hinar einföldustu hjúkrunarreglur, sérstaklega til þess að geta bundið um beinbrot og sár og kipt í lið, ef slys ber að höndum.

3. Í 6. gr. er sett ákvæði um, að enginn geti gengið undir prófin nema hann hafi verið háseti á þilskipi 12 mánuði að minsta kosti eftir að hann varð fullra 15 ára að aldri.

Eftir gildandi lögum geta nemendur nú gengið undir próf, ef þeir hafa verið hásetar á þilskipi 4 mánuði. Þetta getur engan veginn álitist nægilegur siglingatími, og er í hinu mesta ósamræmi við það, sem annarstaðar er álitid nauðsynlegt. Þannig eru 24 mánuðir áskildir í Danmörku eftir 17 ára aldur, í Noregi 30 mánuðir og í Þýzkalandi 36 mánuðir, og telst tíminn þar frá fullnuðum 15 ára aldri
